



Virkjanir á Vestfjörðum

Hákon Aðalsteinsson

Greinargerð HA-99-02

Virkjanir á Vestfjörðum

Allmargar hugmyndir hafa verið settar fram um virkjanir á Vestfjörðum. Í upphafi var fyrst og fremst hugað að Vestfjörðum sem einangruðu orkuveitukerfi og stærð eða áfangastærðir miðaðir við þann markað. Þessar hugmyndir voru teknar saman og gerðar upp fyrir rúnum áratug (Haukur Tómasson o.fl. 1988, *Endurskoðun virkjana á Vestfjörðum*; Orkustofnun OS-88035/VOD-05) Eftir að Vestfirðir voru tengdir meginflutningskerfi landsins hafa áætlanir beinst að stærri og hagkvæmari kostum, enda mögulegt að setja þá orku sem er umfram þarfir Vestfirðinga á annan markað, þ.e. inn á landsnetið. Fyrstu hugmyndir um að safna saman vatni af Glámu með veitum í göngum milli vatnasvæða voru settar fram af Hauki Tómassyni, Orkustofnun vorið 1993 (*Glámu-virkjun, lausleg áætlun um þakrennuvirkjun*, OS-93019/VOD-03 B). Þessar hugmyndir voru yfirfarnar af Almennu Verkfræðistofunni fyrir Orkubú Vestfjarða síðla sama ár.

Það hefur verið skilningur Orkustofnunar að í lögum um Orkubú Vestfjarða (nr. 66/1976) felist einkaréttur til nýtingar orkulinda á Vestfjörðum. Í 2. gr. laganna segir: *Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir*. Í 6. gr. segir: *Iðnaðarráðherra veitir Orkubú Vestfjarða einkaleyfi til þeirrar starfsemi sem felst í tilgangi félagsins*. Í samræmi við þennan skilning á lögum um Orkubú Vestfjarða hefur Orkubúið í seinni tíð haft frumkvæði að forathugunum virkjana á Vestfjörðum.

Áður en Orkubúið var sett á laggirnar hafði Orkustofnun látið gera nákvæm staðfræðikort af helstu virkjunarsvæðunum á Vestfjörðum, en þau eru ein af helstu stöðum áætlana um virkjanir, auk rennslis og þekkingar á jarðfræði og öðrum náttúrufarsþáttum. Mikilvægur þáttur í nýtingu á vatnsafl á Vestfjörðum er að þekkja sem best breytileika í rennslis vatnsfalla, bæði innan ársins og milli ára. Orkubúið og Orkustofnun hafa komist að samkomulagi um skiptingu á ábyrgð á þessum mælingum, sem er þannig að Orkustofnun rekur nokkrar langtímastöðvar á meðan Orkubúið einbeitir sér að söfnun gagna sem eru sérsniðnar að þeirra hugmyndum um næstu virkjun, þ.e. svonefnda Glámuvirkjun.

Orkustofnun og Orkubúið eru í samstarfi um samanburðarmælingar á vatnsföllum á Vestfjörðum, þar sem leitast verður við að gera afrennsliskort af Vestfjörðum með megináherslu á afrennslis Glámu og Ófeigsfjarðar- og Steingrímsfjarðarheiði. Markmið þeirra er að geta ákvarðað betur rennslis í veitum úr ám ofarlega á vatnsviði þeirra áa sem eru með siritandi vatnshæðarmæla á láglandi og í nálægum ám, en með þeim mælingum fást einnig upplýsingar um afrennslis í ár sem eru í grennd við mældar ár. Þessar mælingar verða grunnur að endurskoðun Orkubúsins á Glámuvirkjun og forathugun á virkjun í Ófeigsfirði sem Orkustofnun hyggst gera í tengslum við svonefnda Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðhita.

Orkustofnun skoðaði á sínum tíma möguleika til virkjunar í Hvalá, og komst að þeirri niðurstöðu að þar mætti virkja um 200 GWst/ári (Hörður Svavarsson og Kristinn Einarsson 1983. *Ófeigsfjarðarheiði, forathugun virkjunarkosta*; Orkustofnun, OS-83012/VOD-07 B). Næst var farið yfir virkjunarmöguleika á þessu svæði í tengslum við samantekt skýrslu um *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku* (Iðnaðarráðuneytið 1994). Þá voru skoðaðir möguleikar á víðtækum veitum og niðurstaðan var sú að þarna væri úr verulega miklu að móða. Rennslisorka var metin um 1300 GWst/ári, og talið að virkjun gæti verið miðlungi hagkvæm, jafnvel hagkvæmari en virkjun af Glámuhálendi. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen fór yfir þennan kost ásamt fleirum í úttekt á *Nýtanlegri vatnsorku á Íslandi og flokkun hennar eftir fjárhagslegri hagkvæmni*, sem verkfræðistofan vann fyrir Landsvirkjun (1998). Þeirra niðurstaða var að virkjun í Hvalá gæti orðið

um 600 GWst/ári, og var þeirra mat á þá leið að möguleikar á miðlun stæðu virkjuninni fyrir þrifum og drægju úr hagkvæmni veitna. Taldi verkfræðistofan að virkjun af Glámuhálendi yrði hagkvæmari. Rétt er að taka það fram, að allar þessar áætlanir hafa byggst á ófullnægjandi mati á rennsli, sem Orkustofnun hyggst bæta úr áður en ráðist verður í forathugun þar að nýju. Staðsetning þessa virkjunarkosts stendur honum fyrir þrifum og ekkert orkufyrirtæki hefur sýnt honum áhuga til þessa. Vegna staðsetningar virðist ljóst að endurskoðun verður að leiða í ljós að virkjun sé mun hagkvæmari en áætlanir hafa sýnt fram til þessa, ef hún á að geta rutt sér til rúms í virkjunarröð á næstu áratugum.